

## Fundur foreldrafélagsins skólaárið 2018-2019

25. September 2018.

Mættir: Andrea Ýr Arnarsdóttir (formaður), María Ragnarsdóttir (gjaldkeri), Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir, Sigurveig Gunnlaugsdóttir og Ásta Jóna Ásmundsdóttir (ritari).

Fundarefni:

1. Rætt um hvernig væri hægt að auka þáttöku foreldra á viðburði. Ákveðið að einblína á það sem hefur virkað; fræðsla fyrir börnin auk jólaföndurs, jólaleikrits í leikskóla og vorhátíðar.
2. Rætt um forvarnarvinnu fyrir unglinga og foreldra þeirra. Áhugi fyrir því að hvetja foreldra og börn í unglingadeild til að fara saman á myndina Lof mér að falla. Tillögur um að bjóða foreldri og barni saman á sýningu. Andrea ætlar að athuga hvort það verði sýning í bíóhöllinni á Akranesi og fá tilboð í miða í bíó í Reykjavík. Óskað verður eftir samvinnu við skólastjóra Heiðarskóla til að auglýsa þennan viðburð og spurning um að fá bekkjarfulltrúa með í lið.
3. Gjaldkeri er kominn með upplýsingar um heimili í sveitinni og ætlar að fara með það í bankann svo hægt sé að rukka.
4. Sækja þarf um styrk til Hvalfjarðarsveitar til að sinna forvarnarstarfi og fræðslu fyrir börn í sveitinni. Ingibjörg sér um það.
5. Andrea og Ingibjörg gefa kost á sér til að sitja í Fræðslunefnd. Sigurveig og Ásta bjóða sig fram í Skólaráð.
6. Skipulagt vetrarstarfið. Ákveðið að hafa jólaföndrið á fyrsta í aðventu, sunnudegi. Nánari tímasetning kemur síðar. Ákveðið að fá jólaleikrit í leikskólann, ánægja var með Vini sem sáu um það síðast, Ásta mun vera í sambandi við þá til að athuga hvort þeir bjóði aftur uppá leikrit um þessi jól og mun Ingibjörg ræða það svo við leikskólastjóra. Ákveðið að fá jólasvein til að heimsækja leikskólabörnin og verður það unnið í samvinnu við leikskólastjóra.

Fundargerð ritaði Ásta Jóna Ásmundsdóttir.